

## **Kafli 8 – Félagsfræði, frávik og afbrot: fyrri hluti Spurningar úr efni bls. 233-249.**

1. Hvernig skilgreinir félagsfræðin félagslegt taumhald, og hverjir sjá um það?
2. Hvað eru félagsleg viðurlög?
3. Hvernig skilgreinir félagsfræðin frávik annars vegar sem „hlutlæga eiginleika“ og hins vegar sem „ekki hlutlæga eiginleika“?
4. Hverjar voru hugmyndir ítalska geðlæknisins Cesares Lombroso um ástæður afbrota?
5. Hvaða athugasemd gerði breski læknirinn Charles Goring við hugmyndir Lombrosos?
6. Hver er helsti veikleiki líffræðilegra kenninga um afbrot?
7. Hvernig skilgreinir Durkheim siðrof? Hvernig tengist þetta álagi og streitu?
8. Kenning Roberts Merton kallast siðrofskenning um frávik (einnig álagskenning). Hvað á Merton við með markmiðum um velgengni og mismunandi leiðum að þessum markmiðum?
9. Hvað einkennir þá hópa sem upplifa siðrof, og þá hópa sem upplifa ekki siðrof?
10. Merton sýnir 5 mismunandi hópa sem aðlagast markmiðum og leiðum misjafnlega. Hvað kallar hann þessa hópa og hvernig aðlagast þeir markmiðum og leiðum?
11. Hver er kjarninn í kenningu Edwins H. Sutherland um félagsmótun og jafningjaáhrif (kenning um ólík tengsl)?

12. Hvaða atriði eru það að mati Sutherlands sem ráða mestu um það hvort einstaklingur tileinkar sér viðeigandi eða óviðeigandi hegðun?
13. Er „slæmi félagsskapurinn“ goðsögn eða á hann við rök að styðjast í kenningu Sutherlands?
14. Hverjar eru helstu niðurstöður úr könnun um vímuefnaneyslu ungs fólks á Íslandi árið 1997 um áhrif jafningjahópsins?
15. Hver er kjarninn í taumhaldskenningum Travis Hirschi um mismunandi félagsleg tengsl barna og unglunga?
16. Hirschi talar um fjóra þætti félagslegra tengsla sem draga úr möguleika á frávíkshæðun. Hvaða fjórir þættir eru þetta?
17. Hverjar eru helstu niðurstöður úr könnun um vímuefnaneyslu ungs fólks á Íslandi árið 1997 um mikilvægi félagslegra tengsla við foreldra og skóla?
18. Hvaða hugmyndir setti Albert Cohen fram um helstu einkenni unglíngagengja?
19. Richard Cloward og Loyd Ohlin greindu þrjár mismunandi gerðir af unglíngagengjum. Hvaða þrjár gerðir eru þetta?
20. Walter Miller benti á sérstök viðhorf unglíngagengja úr lágstétt til lífsins. Hver eru þessi viðhorf?
21. David Matza og Gresham Sykes halda því fram að afbrotaunglingar séu í raun og veru ekki eins harður kjarni og margir vilja vera láta. Hvað eiga þeir við með þessu?
22. Elijah Anderson rannsakaði menningarkíma afbrota í fátækrahverfum bandarískra stórborga með vettvangsathugun. Hvert er eitt helst

einkenni þessara fátækrahverfa og hvers vegna verður til eitthvað sem kallast „reglur götunnar“?

23. Hver er munurinn á því sem Anderson kallar „velviljuðu hliðina“ og „götustrákahliðina“?
24. Hver eru þrjú undirstöðuatriði í reglum götunnar og hver eru inntökuskilyrði í unglingagengi að mati Andersons?
25. Hver er skilgreining stimplunarkenningar á frávikum?
26. Hvað sýndi rannsókn Williams Chambliss fram á þegar hann rannsakaði „dýrtingana“ og „ruddana“?
27. Hvað á Edwin M. Lemert við með frávikum á frumstigi og öðru stigi?
28. Hvað á Harold Garfinkel við með „niðurlægingarathöfn“?
29. Hvernig útskýrir átakasjónarhorn félagslega mismunun sakborninga?
30. Hvers vegna eru oft harðari viðurlög við strætisglæpum en viðskiptabrotum?
31. Hvernig tengist femínísk afbrotafræði átakasjónarhorni?
32. Hvaða dæmi eru til um að refsilöggjöf endurspegli fremur hagsmuni karla en kvenna?
33. Hver eru helstu afbrot kvenna? Hve stór hluti af afbrotum í samfélaginu er að jafnaði afbrot kvenna?
34. Hver er líklegasta skýringin á því að konur fremja síður afbrot en karlar?

35. (Hópverkefni) Það er tilhneiging hjá mörgum að útskýra afbrot eða afbrotahegðun út frá persónulegum einkennum afbrotamanna. Hvernig varpa félagsfræðilegar kenningar öðru ljósi á afbrotahegðun? Hvaða sjónarhorn eða kenning finnst ykkur hafa mest vægi við útskýringu afbrota á Íslandi? Hvernig afbrot eruð þið að hugsa um?